


HEIMIR




V. árgangur

WINNIPEG, 1908.

4. blað.

Sumarkveld við vatnið.



Sem draumsmíðis heimur, sem hulduleg borg,
nú hvílist þú, stórvatn, með götur og torg
frá skýjum og himni, sjálft stálgrátt og stillt
í stafandi logninu rólegt og milt —
með kveldroða-brydding í blámóðu fjær,
en bakkann og sandinn og smáþorpið nær.
Í hillungum eyjarnar tyllast á tá
og tangar, en víkurnar lognskyggndar gljá.

Eg sit hér og horfi í þitt hvólfspegla gler,
sem hjáliðins atburðar myndina ber
úr hreyfingarleysinu' í huga minn inn
með hjaðnandi geislum um ársalinn þinn.
Sem brú ert þú spent milli helju og heims,
til hljóðlausu strandanna ómælis geims—
sem tengingarþráður þeim táldregna hug
við tómið, er grípur hann vegleysu-flug.

Þú, kyrðsvæfða afl, með þann ástvinar-hátt
 að alt er við hendina það sem þú átt:
 þitt dýpi, þinn sandbotn, þín svalbaðsins þró
 og svefninn á eftir og hvíldin og ró.
 Þú slökktir þann eld, sem við iljarnar brann
 frá ókleyfa bálinu' er daglengis rann.
 Og einangraðs sálarlífs síðustu þrá
 þú svæfðir við djúp það er horfi' eg nú á.

Þú sendir þeim aftur í sólbirtu dags
 —þú sýndir þar miðlun til jafnaðarhags—
 með sannvissu, Grunsemd og Ágizkan eins,
 ið orðlausa skilmæli' og þökk ei til neins.
 En bak við það hjátrúin, heimskan og slys,
 að hálfraðnum gátum sér leika á mis.—
 Þú mæðunni' og sorginni margbýður inn,
 og mjúkur sem barnsvagga' er faðmurinn þinn.


Þú klæðist í blæleysis blettóttann hjúp
 er brennandi kveldskýin sveipa þitt djúp,
 sem berir þú yfir þér blóðstokkið lín,
 og breiðir það útyfir lygnuna þín
 til minnis um sigraða sjálfsvörn og dag
 og samræmi truflað og vænglama hug,
 um skjálfhendra kraftanna skammæru not
 og skildaga-kveðjur og samveru-þrot.

Úr skuggunum umgerð er unnin um þig,
 frá umliðnum dögum er hin fyrir mig.
 Við bakkana húmkögur breiddur er þinn
 á blundandi vísur með skóginum inn.
 Og stormur er lagður í langferð á burt,
 og lognið og kveldið fær ei til hans spurt.

Og lágt flýgur náagla og náttuglan hrín
því nóttin er komin í heimsókn til þín.

Nú hverfur alt skrautið, sem himininn gaf
og hásumarskveldið þér, innanlands-haf.
Og undarleg, þreytandi þunglyndisleg
hjá þér finnst mér nóttin og óyndisleg.
Að óljúfar minningar sé í því sök
í sortanum nætur eg leiði mín rök.
Að harmþáttur lífsins sé ofinn hér inn
í eyðilegleikann og náttfriðinn þinn.

KRISTINN STEFÁNSSON.



Hannes Hafsteinn.

Útdráttur úr erindi, fluttu á Mönningarfélags fundi 14. Okt. 1908.

af

Síra Rögnvaldi Péturssyni.



—Mér er vandi stór á höndum í kveld, kærur samfélagsmenn. Umræðuefni mitt er Hannes lögfræðingur Hafsteinn, fyrsti Ráðherra Íslands, eitt fremsta skáld Íslendinga. Persóna hans stendur oss svo nærri í samtíð, að það er ervitt að meta gildi hennar rétt. Starf hans og verk liggur oss svo nærri hjarta, að margur finnur til þess, hversu erfitt það er, að ræða það mál hitalaust. Ljóð hans og söngvar taka svo ofan í við eftirlætis einkunnir vorra tíma, að menn eiga bágt með að sitja kyrrir undir lestri þeirra. Maðurinn stendur sjálfur svo ofarlega að mannlegum yfirburðum, að það er freistni að líta upp þangað grænum öfundaraugum.

Um leið og það er gæfa að vera mikilmenni þá er það líka óhamingja stærsta. Mikilmennið leggur aldrei hendur í skaut og gjörist áhorfandi, þegar um mannfélagsmál, sönn og virkileg er að ræða. Lífsspeki hans er ekki sú, að láta aðra berjast baráttunni og bera þungann og erviðið, en eftir á smokra sér svo einhvernvegin að, þegar takmarkinu er náð, og njóta þá í bróðerni með öðrum árangursins, hvort heldur hann er andlegt eða veraldlegt frelsi og mannréttindi, er þannig hefir fengist. Mikilmennin ganga fram í baráttuna, leggja fram skoðanir sínar og starf. Þau sitja aldrei hjá þögul og hljóð og viljandeig. En þess vegna lenda þeir menn er svo eru, allajafnast inn á opinberar slóðir, og upp frá því skoðar allur almenningur þá sem sína eign, persónu þeirra, manngildi og líf. Og er þar í innifalin ógæfan. Þá er álitíð að hver megi taka þá og vega kosti þeirra og bresti, jafnvel búa til úr þeim goð eða ára, látast lesa þá ofan í kjölinn og smíða þeim hugrenningar, hvatir, eiginlegleika og innræti. En sú smíð vill oft misjafnlega takast og oft ekki til búningsbóta fyrir persónu mannsins, að vér ekki tölum um þegar úr honum er gjörður: níðingur, svikari, morðingi, þjófur og lygari, og svo áfram upp allar tröppur glæpalýðsins, er fyllir dýblissur og myrkvastofur allra siðaðra landa.

Sú verður jafnast raunin á, að það er sannkvæði orð skáldsins í eftirmælunum fögru, „Djúp að kanna mikilmenna, megnar aldrei fjöldinn þegna.“

Þess vegna er mér líka vandi á höndum í kvöld, því eg er einn af „fjölda þegna“.

Eg á ekki von á, að mér takist að sýna nokkra líkingu þessa þjóðskörungs vors, né gjöra mynd hans glögga, en þær fáu útlínur er eg drægi vildi eg helst að mætti verða sannar.— Ekki oflof, ekki oflast. Að líkamslýsingu verður þó hvorki mynd hans sönn né ósönn. Eg ætla ekki að lýsa ásýndum mannsins, eg hefi hann aldrei séð. Á andleg einkenni hans og þýðingu fyrir þjóðlíf vort, vildi eg benda með örfáum orðum— og mest hans eigin orðum.

Hannes Þórður Hafsteinn, er fæddur árið 1861, þann 4. Des., á Akureyri við Eyjafjörð. Var faðir hans Pétur amtm.

Hafstein, fyrrum sýslumaður Austfirðinga. Kornungur fór Hannes í skóla og 1880 varð hann student, lagaprófi lauk hann við K. hafnar-háskóla 1886 og var þá strax settur sýslumaður í Dalasýslu, þá málafærslumaður við yfirréttinn, og landritari 1889. Sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði var hann svo, fram að þeim tíma að hann tók ráðherrastöðuna í Febr. 1904. Á öllum þessum árum sat hann á þingi. Kemur hann því mjög við stjórnmal landsins, frá þeim tíma að hann kemur til baka frá Kaupmannahöfn.



HANNES HAFSTEINN.

Í föðurætt er Hannes af dönskum ættum og mun afi hans hafa verið danskur, eða svo var það talið í sumar („danskur sonarson“). En eins og sjá má á fæðingar ári hans, er hann enn aðeins rúml. hálf fimtugur. Í rúm 25 ár hefir hann verið alkunnur meðal allrar þjóðarinnar, eða síðan 1882, að „Verðandi kom út, sem skáld, þjóðmálafræðingur og bókmentamaður.

Það er þó aðallega sem skáld og þjóðmálamaður að mest ber á honum á þessu 25 ára tímabili. Hið bókmentalega starf hans, að minsta kosti hér um slóðir, er síður kunnugt. Þó ætti flesta að reka minni til hinnar ágætu æfisögu og lýsingar Jónasar Hallgrímssonar, er Hannes samdi framan við Bókmentafélags-útgáfuna síðari af ritum Jónasar, og þá líka, er ekki var minna þrekvirki, Úrvalsrita Bólu-Hjálmars, er Hannes samantók, og æfisögu skáldsins þar framan við, er hann reit einnig. Er það ekki vandalaust að ganga svo frá ljóðavali og æfiminning Hjálmars eins og Hannes hefir gjört þar, og meðan íslenzk bók er lesin verður sú bók þeim báðum fagur minnisvarði. Og víst er um það að fáir hefði gjört það jafnvel. Og þarf ekki annað en bera saman við Úrvalsritin fyrri útgáfu ljóða Hjálmars, eða það sem eftir skáldið liggur óprentað, er til er mikið safn af hér á einum stað, til þess að sannfærast um slíkt.

Eg man eftir því fyrir löngu síðan, að eg heyrði einn af vorum merkustu öldungum hér fyrir vestan segja, er mikið þekkti til Hjálmars: „Mikið á minning Hjálmars Hannesi að þakka. Síðara ljóðasafnið sýnir konungsmynd skáldsins, hið fyrra þrælsmyndina.“ Þessi orð skildi eg ekki þá, en eg vissi þau voru sönn, — og finn það nú —. Maðurinn var Brynjólfur Brynjólfsson.

Starf Hannesar á meðal þjóðar vorrar byrjar sem skálds, þess, er veitir nýjum straumum inn í þjóðlífið. Hann vill skíra Norræna þjóð að fornum sið, í hreinu uppsprettuvatni náttúrunnar sjálfrar, til endurvakningar fram á við. Vér höfum áður bent á, að ofan til Þorsteins, eru það einu útúrleiðir í íslenzkri ljóðagjörð 19. aldar, þær sem þeir stefna Grímur og Hannes, Grímur meðal hrika þjóða forna heimsins, svo sagan verði á ný nútíðar saga, eins og hann kemst að orði í ræðu á Stúdenta fundi í Uppsölum. Hannes lifir í nútíð, sýnandi forna hreysti, uppbygda í 19. aldar gerfi og umhverfi.

Olaf Hansen, í „Ny Isl. Lyrik“, þakkar Georg Brandes og áhrifum hans á nemendur í Kaupmannahöfn, hina nýju stefnu er hefst í íslenzkum bókmentum eftir 1882. Brandes, segir hann, leggur áherzluna á samband bókmentanna órjúfanlegt

við þjóðfélags og mannfélagsmálin og gátur þar er lífsbaráttan á við að fást. Tilgáta Hansen's er ekki ósennileg, að háskólinn hafi að einhverju leyti breytt hugsunarhætti Íslendinganna um þær mundir, en alt eins vel mætti þá taka skrefið alla leið aftur til Hinrik Ibsens, er fremstur allra á Norðurlöndum er málsvari þessara skoðana. Sér í lagi er maður minnst þess líka, að Hannes þýðir stóran kafla úr „Brandi“ á fyrstu Hafnar árum sínum.

Bókmentir eru fræði út af fyrir sig, er sýna eiga myndir af lífinu og lífsins gátum, svo það skýrist fyrir hugskoti manna og þeir sjái tilveruna eins og hún er, frá öllum hliðum jafnt, sorg og gleði, réttlæti og ranglæti, mikilleik og lítileik hugsana, hugsjóna og þjóðfélagsins í heild.

Þetta er Realíska stefnan, er skammast sín ekki fyrir neitt, sem guð hefir gjört, manni og konu, himni, jörð og hafi viðkomandi, — er ekki grípur með felmtri báðum höndum um bók þveran, ef einhver sér til, krossar sig og les bænir, þá misfellur mannlegrar breytni birtast undir slæðum þeim sem verið er að bera sig að hylja þær með. Það er hin mikla tilhreisunar stefna, er, vel á legg komin, heilsaði og gjörst hefir guðfaðir vorrar 20. aldar og játað upp á hana trú, trú á sannleika, byggða á sannleiks gildi. Það er það, sem vér þurfum að muna, er vér lesum ljóð Hannesar, að þau grundvallast á þessari hugsjón, í þessari stefnu, er hafið hefir á ný list og fegurð í æðsta veldi, en vel að merkja, list og fegurð mannlegra hluta, svo að menn þora nú, og skilja líka hvað það þýðir, að tala um 'líkama vorrar lægingar' sem guðsmynd, dýrðarmynd, og um fagurlínur mannl. myndar. Og þar er tilfinningunum gefin sín rétta þýðing. Engin tilfinning er ljót, svívirðileg og saurug sé hún sönn. Seiður, tildiráttur, eldur ástar og munaðar, sé hann sannur, er guðdómlegur, því hann er þá sannleikurinn og lífið. Fagurlínur mannlegrar myndar, með heilsu og lífsglód í auga, svo sál þrengir til sálar, hönd til handar, vör að vör, er lífsfullkomnunin sjálf.

Gagnvart kenningum þessum stendur kyrkjan og munklífa siðfræðin, grá eins og öskufjöl, full galls og gremju. Fylgj-

endum þessara skoðana virðist hún hata lífið á jörðunni, þeir finna nályktina frá dyrum hennar, og þeir hæða hana og fyrir-líta. „Kyrkjan, kyrkjan hún brennur,“ strax og grafið er eftir gulli sannleikans.

Realíska stefnan reynir að sýna mannlega tilveru, frá öllum hliðum, sögðum vér; sorg og gleði, réttlæti og ranglæti, mikilleik og lítulleik. Vanalegast reynir hún það, en Hannes sleppir þar einu undan, — Sorginni. —

„Vér Íslands börn, vér erum vart of kát,
og eigum meir en nóg af hörmum sárum,
þótt lífdögg blóma sé ei sögð af grát,
né sævarbrimið gjört af beiskum tárurum.“

Vér eigum vart of mikla sumarsól,
þótt söngvar vorir stundum glaðir boði,
að dagur breiði sig um hlíf og hól
og hér sé einnig ljós og morgunroði.

Gætu þessi tvö erindi nægt sem inngangur að ljóðum skáldsins. Þau sýna í hvaða streng hann tekur, en þau sýna líka annað meira, glöggskygni og ljóðahagleik mannsins, er 22. ára að aldri, fær lítið jafn djúpt ofan í lífsins lögmál og sagt frá því, er hann sér, jafn fagurlega og vel.

Hannes er virkileggleika skáld, hann sér lífið eins og það er og hann sér þjóðina eins og hún er, hnípna, kjarksnauda og farna að andlegri heilsu og kröftum. Því spáir hann líka fyrir lífsandanum, reynir að syngja inn í hjarta hennar þor, þrek, þolfestu, hlátur og gleði. Sá sanni kliður lífsins er gleðikliður. En ekki andvörp og svefnlæti. Kvæði hans eru því öll til stælingar og eflingar manndómi og flest boðskapur ljóss og gleði. Öll tala þau upp í kjarki og karlmensku, en þó má flokka þau niður eftir efni.

Um það, hversu ætti að flokka kvæðin og hvar hvert ætti að vera, má auðveldlega deila, og blöndum vér oss ekki inn í þær deilur. Skáldið eitt er þar óskeikult að dæma.

Í fyrsta flokki ljóða hans eru þau kvæði er öðru framfar

hvetja til hreysti og karlmensku. Vér teljum þau fyrst, því hreystimál er yfirtónn allra hans kvæða. Eins og Þormóður, skemtir hann mönnum með „Húskarlahvöt“. Má þá fyrst tilnefna kvæðið „Stormur“, (Ljóðm. bls. 1), inngangskvæðið að tímaritinu „Verðanda“ og síðar að ljóðabókinni.

„Þú skefur burt fannir af foldu og hól,
þú feykir burt skýjum frá ylbjartri sól
og loftilla dáðlausa lognmollu hrekur
og lífsanda starfandi hvarvetna vekur.

Þá var skáldið 20 ára, er hann kveður þetta, og er þessi samstefja þar í líka.

„Eg elska þig kraftur sem öldurnar reisir,
eg elska þig kraftur sem þokuna leysir.“

Eins og draumur er löngu síðar átti að koma fram.

Þá má ekki gleyma kvæðinu „Hvöt“ (bls. 72.)

„Breiðið arma báða móti
blænum þótt hann við og við
fari í storm og byrstur brjóti
brúdurusl er dýrkið þið.

Eða kvæðinu „Undir Kaldadal“, er Dr. Björn Olsen segir að skáldið vilji sem fæst um tala nú á fullorðins árum, finst eitt af stórorðagnægðinni, er hann gjarna ætti að þurka út með sínu „Ágæta þerriblaði:“

(„Eg vildi óska' að það ilti nú blek
í ærlegum straum yfir blaðið hjá mér,
svo eg geti sýnt, hve mín framkvæmd er frek
og fádæma gott mitt þerriblað er.“)

Sé svo, lætur skáldið alt of harðan dóm yfir sjálfan sig ganga, því hversu margt og fagurt yrði þá ekki að þerra út, er þer með sér æskuofyrirlæti, og er þetta eitt vorra einkennilegustu og beztu kvæða íslenzkra

„Vér þurfum á stað þar sem stormur hvín,
og steypiregn gjörir hörund vott,
svo þeir geti skolfið og skammast sín
er skjálfa vilja, það er þeim gott.“

... „Vér þurfum að koma á kaldann stað
á karlmenzku vorri að halda próf.“

Hve margir mundu þar „krækja sér í láð?“

Að síðustu mætti minna á niðurlagserindið í eftirmælum
eftir drukknaðan vin, (bls. 63).

„Það gæti eg skilið, en eg veit það eitt
í öllum vöðvum eg það titra finn.

Þar vildi eg sjálfur *sundtök* hafa þreytt
og sótt þig út úr háska vinur minn.

Og hver er sá sem vildi ei hafa veitt
og vildi ei hafa stöðað bróður þinn,
sem öruggt móti Ægisdætrum varðist
og um þitt líf við dauðann sjálfann barðist.

Sýna nú þessi ljóð nokkuð persónuna sjálfa? Hann var
aðeins 21 árs er hann kvað þetta, er það ekki altsaman upp-
gjörð og æsku mikillæti? Hann var fertugur sem næst, sýslu-
maðurinn á Ísafirði, er barðist við dauðann móti Ægisdætrum
um þriggja manna líf og bjargaði einu, nú fyrir nokkrum árum,
—og sýslumaðurinn var Hannes Hafsteinn! Það muna allir
eftir þeim atburði enn. Um leið og hann sýnir hve landið er
lítið megnugt að varðveita rétt sinn sjálfst, er hann talandi vott-
ur þess, að sá sem áður hafði hvatt til hreysti kunnis og að búast
til atlögu þó ójafn væri leikurinn.

Þá er og annar flokkur er lýsir tilfinningum er rísa þá
maðurinn „vaknar til lífsins,“ svo vér notum hans eigin orð.
Sum þau kvæði þykja skorinorð og ber, en engin þeirra eru ó-
þrúðmannleg. Þau lýsa eflidri sál og eflidari æsku og æfintýra-
löngun, og gegn um þau öll skín gleði og heilbrigður þróttur.
Vel skal þó ætla, að sumum hafi fundist nóg um bersögli virki-
legleika kenningarinnar. Það má horfa á nærföt úti á stagi,
og marga hefi eg séð, karl og kerlingu, ríða á það alþing er
línklæði voru breidd til þerris eða til sölu, en að tala um hvernig
fötin fara er viðurstyggt eyðileggingarinnar. „Smalastúlkan“
er fyrsta kvæði Hannesar í þessum flokki og verður ætíð fyrsta
kvæðið, því það er djarfast kveðið. En er það kom út í ljóða-
bók hans mætti um það segja eins og sturlunga: „Allr tók sér þá

es-særir, setr linna blés innan, þjóð óx þefr í búðum, þingheimr of nef fingrum“. Hvað þýðir að allur þingheimur tók þá fyrir nefið. (bls. 5). En eitt fegursta kvæðið í þessum flokki er „Tinnudökka hárið hrökkur“ (bls. 49.) En fínasta kvæði þessa flokks er „Mjúkar línur,“ því það er eitt það næmasta mál um ást og fegurð nokkru sinni sungið:

„Aldrei sá eg ljósa lokka
liða sig svo frjálst um enni,
aldrei slíkan yndisþokka
yfir nokkri mey sem henni.

Þetta fann eg alt í einu
er mér sýndist mjöllin kinna
bliki farfast fagurhreinu
fyrir spurning augna minna.

Hún leit undan, og sem tíðum
árdagsblærinn lífgar voga,
brjóst í öldum þandist þýðum—
það var sál í hverjum boga.

Hvar sem töfrud augun eygðu,
alt til smárra fóta bríkar
munaðsálfar bjartir beygðu
bogalínur yndisríkar.

Höfuð mitt eg hneigði' í mundu,
hafði ei stjórn á augum mínum;
munarhlýja hvíld þau fundu,
hvíld í þessum mjúku línum.

Þá eru náttúruljóð hans tígulegt meistarasmíð. Skáldið, sem hefir ást á mannlegri fegurð, er sjaldnast blint fyrir töfra-
fegurð náttúrunnar sjálftrar. „Af Vatnsskarði“, eins og allur sá kvæðabálkur raunar, skýrir fagurlega töfradýrð tilverunnar ytri,

og við myndbreytingarnar er augað lítur, hvarflar hugurinn til manna sjálfra. Skáldið sér myndir æsku systra undir þekunni er hjúpar dalinn. Fjalla umhverfið, landið í heild, er móðir, er vefur örmum um börn sín, dæturnar, sveitirnar fríðu. (bls. 34). En svo líka, er á vissa staði kemur, reikar hugurinn til fyrri ára, til þeirra er þar voru bornir, þess, er Ísland er svipt, og fár hefir fegur kveðið um fæðingarstað Jónasar en hann (bls. 34) Enda er undarlegur þungi í því kvæði, er margfaldast við það, að maður heyrir byrjunar orðin af vörum Jónasar sjálfs, kvæðið um „Æskudalinn“, er varð aldrei nema hálfkveðið stef, og kveður svo ferðamaðurinn undir með þeirri lipurð og snild, að vel hefði Jónas mátt hafa kveðið alt kvæðið.

Haraldur konungur Sigurðsson fyllti vísuna er Þormóður hafði kveðið. „Dagshríðar spor sviða“ sagði hann, „Svá mundi skáldit vilja kveðit hafa.“

Í gegn um alla þessa flokka andar sami þrótturinn, sama lýsingin, er segir á látlausu máli frá öllu eins og það er. Hið sama má segja um gamanljóð hans, er mörg eru og fjölbreytileg. Það er í þeim öllum meira en kátína, það er alvara undir gleðinni, kritik á mannfélagið og meinfyndni. Drykkjuvísur hans eru ekki eintómir kútar og brennivín. Þær eru líf og sál og fjör og mannvit mikið. Þær ganga allar út á það, að lifa ekki lífið ljótt, hrista af sér okið, vera menn,—að hætta vili, kæfa sig ekki í ergjum og lama lífsþrótt til dugs og dáðar, með óttanum, sem Páll postuli talar um hjá þeim í Korintu, er eta sér til ásteytingar, og finna skurðgoða keiminn að öllu. „Slík trúgirnir er ekki frá þeim sem yður hefir kallað.“ Lífið er fagurt og gott.

Geislar sólar út um allt
eitt og sama skrifa,
á hagann grænan hjarnið kalt:
,Himneskt er að lifa‘“.

Með hinum ágætustu veizlukvæðum hans og gestagleði er Bellmanns stælingin:

„Guð lét fögur vínber vaxa,
vildi gleðja dapran heim,

gefið hafi hann gnægðir axa,
 góðar hjarðir, nógan seim.
 Þreyttust menn við bú að baxa,
 blóðið varð svo dökkt í þeim," o. s. frv.

Enda er það undir fegursta sálmalagi og reglulegasta Te deum.
 En fyndrustu kátínukvæðin er flokkurinn um fund Vínlands, er
 Leifur fann vínþrúgurnar í Ameríku og varð skrafdrjúgt af, er
 heim kom, landkostum Vesturheims, eins og síðan hefir marg-
 an hent.

„Mjög vel lét af landkostum
 Leifur heima í byggðunum,
 eins og hæfði ungum „gent“
 Ameríku frum-agent.“

Og kvæðin um þá frændur Snorra og Þórð Kakala.

„Snorri kallinn kunni að svalla,
 og að kæta rekka snjalla
 þegar húmi tók að halla
 höllu Skúla í.

Og hann þoldi að þreyta bögur
 og að þylja fornar sögur.
 Já, alt fram til klukkan fjögur,
 þá fór hann í sitt ból.

Þá kom bann frá herra Hákon,
 sem var harður eins og Drákon.
 Eg er hákon, sagði Hákon,
 ,Eg er hákonservatív.

„Eg vil út, eg vil út að bragði!
 eg vil út!“ þá kempan sagði.
 „Eg vil út!“ og út hann lagði
 til Íslands sama dag.

En af því beið hann bana síðar
 fyrir buðlungs vélar stríðar
 síðan gráta hrímgar hlíðar
 og holt um Borgarfjörð.“

Um Kakala segir hann.

„Að hann væri í rauninni heiðarleg sál
hafa menn fyrir satt.

Hans minning lifði, leyst frá vömm,
lifir hún enn í dag.

En það sem firrti hann þjóðarskömm
það var— *brennivíns slag.*“

Já, eftir því sem seinni tíðin vill hafa það. Snorri féll af því hann vildi „út“, en Norðmanna konungurinn var hákonservatívi. En gott var Snorra að falla fyrir Gizuri, af því verður hann altaf Eddu og Heimskringlu Snorri, útvörður Íslenzkra þjóðréttinga í gamalli og nýrri tíð, og gott er að eiga afgangi og blóta þá til trausts og harðfengis í stjórnálagum.

Öll krítík Hannesar, á því sem aflaga fer, birtist undir sterkum og áferðisfögrum búningi, og aldrei tekið til þeirra örþrífisráða að nota lúaleg smánaryrði, en háð og meinfyndni er í hverju orði. Allir muna eftir vandræðum þeim, sem Ísland hefir átt í, að eignast skjaldarmerki. Elzta skjaldarmerkið, er nú finnst, er frá framanverðri 16. öld, eftir því sem þeir fræða oss á heima, og er það þorskur. Fyrst var merkið afhöfðaður þorskur, en ekki fluttur. En svo reyndist ófluttur þorskur of veltigjarn, ekki nógu gott sverð og skjöldur og ekki nógu gott kennitákn Íslenzkrar þjóðar; svo þegar alþingishúsið var byggt og þingið endurreist, var hann steypur á það fluttur. Að það væri óvirðingarkerki á þjóðarmetnaði, heyrðist lítið um, fyr en eftir 1881. Skáldið tvítuga fann það fyrstur og kvað þá kvæðið „Þorskurinn,“ (bls. 11) og síðan höfum vér verið mjög óánægt fólk með þorskinn. Fálkinn er oss þó nær skapi, en helzt viljum vér, eða lærðu unglíngarnir í Reykjavík, bera kross. — Það tákn minnir líka á krosslagðar hendur.

Af frelsisfuminu, er jafnan fellur um sjálfst sig, dregur skáldið mynd, „Við Geysi.“ „Aflaust soðvatn í sömu holuna datt.“ Til þessa flokks tilheyrja flest hin hárbeyttustu kvæði. „Sannleikurinn og kyrkjan“, er eins gæti heyrt upp á „Hærri Krítík“ sem aðrar sannleiksleitarnir, er vinir kyrkjunnar eru svo smeyk-

ir við og með illum geig yfir, „Lofkvæði til Heimskunnar“, skáldsins langgræskumesta og bitratta kvæði, en um leið óvið-stæðilegasta, „Strykum yfir stóru orðin,“ ein hin alvarlegasta manndómshvöt.

„Frelsið er ei verðlögð vara
veitist ei með tómunum lögum,
það er andans ófædd dóttir
ekki mynd úr gömlum sögum.

Enginn verður frjáls þótt fari
feikna hring í tjóðurbandi. . . .

Háleit orð, sem heimskir flípra
hefna sín og verða að klafa.

Gjálfurandinn sæði sáir.
Sumar líður. Fólkið trúir.
Væntir eikur upp þar spretti.
Alt um haust í nettlum grúir.

Þetta kvæði léti fleiri „skjálfa og skammast sín“ en „ærliga regnið í Kaldadal“, væri hægt að útrýma „heimskunni“ af örfáum stöðum, þar sem skáldið hefir orðið hennar var, segjum úr hjörtum og fundarhöldum manna. Þá er kvæðið „Úr bréfi“ (bls. 113), þar sem skáldið játar að hann sé „niðurskurðarmaður,“ og hann hafi ekki trú á „Áburði sjóða úr feðranna frægð“, til lækningar við „andlegu kláðafári“, ekki sízta kvæðið.

Taki öll þau kvæði, er nú hafa verið talin, ofan í við þjóðfélagið, þá eru önnur til, er henda ómeiðlaust gaman að ýmsu meðal einstaklinganna. Þungt hefir „Ekklinum“ verið innanbrjósts, er lýsti kistunni er hann lagði konuna sína í svona: Svo var það hundsterkt helvíti úr heilum borðum saman rekið.“ Og mikið hefir staðið til í Færeyjum, þegar brúðurin flaggði í hálfu stöng giftingardaginn sinn, húsgangsbragurinn tók allt í einu á sig hátíðisbrag, og brúðar meyjarnar greiddu úr svuntunum. Ekki hefir þurft að reka neinn úr því brúðkaupi, af því hann var ekki skryddur brúðkaupsklæðum.

Til eru tvönskonar listamenn. Aðra býr guð til, hina

skapa prentvélar og lofgjörðasmíðir. Þessi síðari flokkur hefir oft misjafnar verkanir á mannessálirnar. „Söngkonan“ minnti skáldið á strákapar frá æsku árunum, er hann heyrði í henni hljóðin.

„Til gufu kisu hugsa eg hræður,
er hengdi eg eitthvert sinn.
Og þó eg sé nú því nær æður,
þunga þrun finn.“

Þá eru þau kvæði ótalin, er helzt birta lífsskoðanir skáldsins, þó óljóst og skýringalaust, á dulræni lífsins. Má þar nefna „Systurlát“ (bls. 134), sem hið tilkomumesta. Annars lífs hugmyndin óskir, en jafnlyndi og stilling mikil, að taka öllu mannlega er býðst frá hendi tilverunnar hér eða hinumegin grafar. Annars eru spurningarnar margar, og hver hugsandi maður hefir ekki margs að spyrjast um þetta líf?

„Til hvers er þetta allt, þegar allt er svo valt?“

Tilveran eins og eilíft óendanlegt haf. Mannslífið eins og alda, er rís og fellur. Hvað verður um ölduna?

„Eg unga öldu sé rísa . . . útaf hníga
um ískalda nótt áður sól fékk að stíga.
Hvar er hún, hvar er hún? Hvort er hún þá dáin? . . .
Er þá krafturinn sjálfur svo veikur?
Fæðist hún ef til vill fegri á ný
þegar flötinn þinn lifgar upp hreinni og sterkari blær?
Svara mér sær— sær— hvenær?“

Í flæðarmálinu heyrast margar slíkar raddir. En svarið til allra er hið sama. Þögn og steinhljóð. Trúin ein býr til svör.— Þau svör eru mörgum ónóg og þeir kjósa heldur óvissuna.

Kvæðið „Niðaróður“ er nokkuð á annan veg. Maðurinn les sálarástand sitt sjálfur inn í tilveruna, og út úr henni aftur. Manninum svipar til náttúrunnar. Hvorttveggja á sömu upp-tök og endir.

„Hve ólíkt heyríst þeim ölduhljóði?
Hve ólíkt skilja þeir gamla ljóði?“

Er við fossinn sitja og hlusta á niðinn. Munur sá er mestur innra hjá mönnunum, eftir því hvað í þeirra huga býr.

Þein finnst er glaðir við faðm þinn leika
sem feli klišurinn léttan hlátur.

En þeim sem harmandi hjá þér reika
þeim heyrir niðurinn þungur grátur.“

Bæri maðurinn ekki endurminningarnar með sér og sjálfsvitund sína, væri hann eins og fossinn. Umbrotin og æðisgangurinn er fallið og ójöfnuðurinn í farveginum. „Að endingu fer það í djúpa hafid.“

Allir geta þreytst, allra helzt sé erfiðið til einskis og undirtektir allra hvatamála bergmálið í hömrnunum. Aldrei eru þó þreytuljóð skáldsins vonleysi og uppgjöf. Honum vex móður við að sjá, „hvílk brotnar bárumergð, á byrðing einum traustum,“ og veit, að „bylgjur þær sem brjóta knörr, bera þó að landi“, og ekki nema von að þann vildi bjarga farmi og föruneyti.

En svo er það þó sú hlið er hann lætur minnst á bera, en að hann á tilfinningaríki mikið, og þekkir jafnvel hinar svalari rökkurgráu hliðar tilverunnar, sést bæði á hinum óviðjafnanlegu þýðingum hans á kvalasenukki úr Brandi og kvæðunum tveim, eftir Belleman og Jakobsen. Þau eru þau einkennilegustu kvæði á voru máli, að efni til, og kveður þau enginn er ekkert þekkir utan það, er viðrar sig úti í sólskininu.

Eftir er þá að minnst á hið síðasta efni hans fjölbreyttu ljóða. En áður en vér gjörum það, mætti draga saman í nokkrar setningar það, er vér höfum sagt. Þau eru öll efunar og ofurhuga kvæði. Þrótturinn, æskan, lífið, trúin á dáð og mátt og megin, á sannleika er augljós í hverri línu. Og svo er annað er auðkennir kveðskap hans, annara skálda frammar, en það er „Kultur“, menningar fágún. Þar stendur hann ef til vill efst. Hann er andlegur „Aristocrat,“ og tígulegur aðalsbragur er á öllu er hann segir, – aðalsbragur sá, er skapast af andlegum yfirburðum frammar en líkamlegri fæðingu. Og heilsa ljóða og hugsjóna hans er góð, hvort heldur það er um þær „yndislegu

stundir þegar hann er fullur og sáttur heiminn við“, eða þegar hann stendur við líkbeð systur sinnar.

Íslands ljóð Hannesar eru ekki mörg og ekki væmin. En í þeim fáu kvæðum rúmast allar þær tilfinningar er sannur þjóðar son ber til ættlands síns. Unga Ísland, og hann er aðal talsmaður þess, er æ í huga hans, hvar sem hann fer um önnur lönd. Fram með Skotlandi, er hann sér hálandið skógi vaxið, koma honum í huga þessi orð, og er þar í fullur metnaður og ríkilæti ríkiláts sonar:

„Sé eg í hug þín háu fjöll
 hjúpuð þessum grænu skógum,
 undir hreinni hnjúka mjöll
 hlíðar frjófar, vaxnar blómum nógum.

Sé eg í hug við háa storð
 hundrað skip með frónskum drengjum.
 Þrek er í höndum. Íslensk orð
 eru það sem skipa að herða á strengjum.

Sé eg í huga fósturföld
 féndur þína, svefn og doða
 báða fallna flata á mold
 fyrir nýjum skærum morgunroða.

Og hvorki vér eða hann þurfum að sjá það í huga, það er hægt að líta það með opnum augum nú, um leið og hann víkur úr sæti sem æðstur fulltrúi þjóðarinnar. Það eru hundrað skip, skipuð frónskum drengjum, við stendur landsins. Svefn og Doði, að minnsta kosti, liggja sundur brotinn leir. Þó er kvæðið „Ísland“, (bls. 139), hans fullkomnasta ættjarðarkvæði, enda felur það í sér allt, trú, ást og virðing fyrir föðurlandinu, og þar er sannarlega ekki barnaskælar við móðurina, áklagandi kulda, svengd, hor og vesaldóm. Aflið og þrótturinn, í þessu kvæði, er jötunafli, fossa afl Íslands, er flytur fjöllin úr stað.

„Þótt þjaki böll með þungum hramm,
 þrátt fyrir allt þú skalt, þú skalt samt fram.“

„Allt verður eiga vaxtar ár,
þín voru tíðum hörð og sár;
en ungra deyfð og barnabrek,
oft bera vott um hulið þrek,
og þvínæst kemur þroskans tíð,
þá er að ganga fram í tímans stríð.“

Yfir kvæðinu er svipur glæsímennsku og tíguleika. Það er herkonungur er brýnir liðið til atlögu. Og síðustu orðin eru: „Hver eftir mætti vinna reynir sitt.“

Á þessu sumri hefir mikið verið um það talað, að hver eftir mætti vinna reyni sitt. Og það hefir verið margra mál, að þar hafi kennt ótrúleika hjá Hannesi.— Hvert er aðal innihald Íslandsfréttanna um þetta fjöggra ára tímabil? Fréttapráða samband við útlönd, tíðari strand- og póstskipa-ferðir, skipastóll landsmanna vaxið að stórum mun, bankastofnanir landsins fengið fullgilda viðurkenningu í verslunar heiminum, verslun blómgast, iðnaður aukist, brýr verið byggðar og tekið fyrir sem næst allan útflutning. Og þá er enn ótalið það sem mest er um vert, að Ísland og stjórn þess hefir vaxið að kunnleik og virðingu meðal allra erlendra þjóða. Smáþjóðin íslenska hefir nú loks náð þeim tökum, að geta neytt meðríkið danska til að gjöra upp sakir við sig, og er skipun Millilandanefndarinnar stærsta þrekvirkið, er enn hefir verið unnið í hinni löngu stjórnsmálabaráttu Íslands. „Þú skalt þú skalt samt fram.“ Skipun þeirrar nefndar er sú játning á réttarkröfum Íslendinga af munnni Dana, er aldrei verður afturtekin. Og hversu sem gengur, að láta skuldaþrælinn ljúka skuldinni, þá er hann þó búinn að játa á sig skylduna.

Að árangur nefndarstarfsins skyldi ekki koma þjóð vorri að fyllri notum, en vekja jafn óviðurkvæmilegar deilur, er að vísu sorglegt, en ekki um of að sakast, því millilandanefnd eitt sinn skipuð, verður altaf skipuð, unz allar misfellur eru jafnaðar. Það er trúa vor. Og gott væri þá að höfð væri í minni ráð Ráðherrans.

„Tími er ei til að sofa né sýta,
sýnum að vér séum dugandi menn.“


Vér efum ekki að það verði sýnt, og eftir er gnægð góðra manna að gjöra um þau mál, þó stjórnarflokkur Hannesar biði ósigur, og skaði sé unninn Íslenzku þingi við missi slíkra manna sem Stefáns skólastjóra Stefánssonar. En vér ætlum ekki að ræða Íslands pólitík í þessu erindi. Aðeins ein staðhæfing er vér vonum að sé á rökum byggð. Hannes hafði reynt að koma í framkvæmd því einu, er hann trúði að væri og verða myndi landi og lýð til gagns. Stjórnartímabil hans, og það er á því hefir gjörst, er ekki eingöngu honum til sæmdar og mun í minnum haft er komandi kynslóðir fara pílgrímsferðir að gróf hans, heldur var það og Íslandi happ, heiður og sæmd, að eiga einn slíkan son, til að fá í hendur þann vandasama og vanþakkláta starfa, að stofnsetja innlenda og fullveðja stjórn, eftir að liðin eru 640 ár, frá því þjóðin glataði frelsinu, og mjög illa og ómannlega voru allar þær tilraunir tilfundnar er leituðust við að svívirða persónu hans og skapa gjörðum hans ómannlegar hvatir.

„Í gleymsku fellur allt og allt,“ og allar ótilfundnar sakargiftir. En röm eru þau Íslenzku örlög, ef hver eftir annan, Íslands framtaksömustu og röskustu sona, á að falla undir þann almúgadóms—hleypidóms—þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þjóðinni til vegs og viðgangs, að hann hafi verið föðurlandssvikari og staurblindur afturhaldsmaður.




Fréttst hefir hingað vestur, að Lector Þórhallur Bjarnason hafi verið skipaður byskup yfir Íslandi, og látið vígjast til embættis í dómkyrkjunni í Reykjavík. Ekki er ólíklegt, að hann reynist þar nýtur maður og hagsýnn, og að Íslenzka kyrkjan taki stórum framförum undir stjórn hans. Hann er alkunnur trúfrelsisvinur, vísýnn, og hefir eindregið haldið fram tilhreinsunarstefnu í trúfræðslumálum. Allir frjálslyndir Íslendingar hér, óska honum og Íslandi til heilla.

SKÚLI THÓRODDSEN.



ÞAD er ekki í fyrsta sinn, að nafn Skúla Thoroddsens vekur eftirtekt mikla í Íslenskum þjóðmála deilum og stendur skýru letri fyrir augum alls almennings. Eftir hinar eftirminni-legu deilur á Ísafirði, er hann kom úr með svo frægum sigri, hefir hann altaf staðið á hraðbergi, og fremstan þátt tekið í öllum réttarbótar deilum Íslendinga, bæði utan þings og innan.



SKÚLI THÓRODDSEN.

Á þingi hefir hann lengst af setið, síðan hann lauk embættisprófi, og ætíð sem þjóðkjörinn þingmaður.

Hið fyrsta, sem skaut Skúla Thoroddsen fram, voru hans frábæru gáfur og starfsþrek, og segja menn hér vestra, er þekkja til, að hann hafi lokið lagaprófi á helmingi skemmri tíma en

nokkur maður síðan við Kaupmannahafnar skóla. Sem sýslumaður var hann hið röggsunasta yfirvald, lagamaður hinn bezt, og — þrátt fyrir undirröður þáverandi stjórnar, er hleypti af stað hinu alkunna og miður velræmda Skúla-máli, er öll þjóðin var látin ofsækja einn mann, sér þvert um geð, og til þeirra mála-lúkninga notaður ríkissjóðurinn, — einhver vinsælasti sýslumaður landsins. Skúli hefir jafnan talið sig vera frjálslyndan, og stífur hefir hann ætíð verið á réttarkröfufur Íslands, og ófánlegur að slá þar nokkru af, þó með því móti helzt mætti koma á sættum og fá nokkru framgengt af því, er beðið hefir verið um.

Eftir að Heimastjórn Íslands var stofnsett 1904, hefir hann tilheyrt andstæðingaflokki hennar og verið helzti leiðtogi „Þjóðræðismanna.“ „Þjóðræðis“ nafnið er ekki illa tilfallið nafn á stefnu Skúla, því hann er sannur „Democrat“. Fremsti Democrat Íslands.

Eins og alkunnugt er, var Skúli skipaður í Millilandanefndina 1907. Frumvarp það, er allir urðu ásáttir með af samnefndarmönnum hans, neitaði hann að undirskrifa. Frumv. var ekki að hans áliti nógu „democratiskt.“ Og þar var hann réttur, um það verður hver maður að sannfærast með honum. En er það ekki mótsögn óleysanleg, að hægt sé að koma á *Þjóðveldi* undir *konungsstjórn*? Annaðhvort verður hinu að bana. Þau börn eiga ekki bæði sömu vöggu.

Vegna mótmæla Skúla á nefndarfrumvarpinu, er óhætt að fullyrða, að Heimastjórnin varð að víkja frá völdum. Alþingiskosningar fóru fram um nefndarálitnið, og democratiska stefnan hefir unnið sigur í þetta skifti. Af sjálfsgöðu verður því stjórnarskifti um eða fyrir þing í vetur. Hver muni verða skipaður Ráðherra í stað Hannesar Hafsteins, er enn óvíst, en að réttu lagi ætti það að vera Skúli. Hann er mestur stjórnmalamaður síns flokks, enda mest frá honum að vænta, er hann fer að geta komið skoðunum sínum í framkvæmd, er um langan aldur hann hefir barist fyrir. Teljum vér víst að eitt hið fyrsta verk hans verði að aðskilja ríki og kyrkju. Hann er fyrir löngu búinn að láta uppi þá skoðun, að Ríkiskyrkja sé með öllu ósamkvæm þessum tímum og þjóðinni óhagkvæm. Samdóma því.

eru margir hinna beztu manna á Íslandi, og ætti það mál að fá góðar undirtektir og vinnast mótsóknar lítið. Þjóðræði og ríkiskyrkja er líka mótsögn er ekki fær staðist. Alþýðuskólamálið ætti og að eiga góða framtíð undir stjórn hans. Margir stuðningsmenn hans hafa mikið ritað um það mál, þó breytingu mætti gjöra við sumar þær tillögur, er ekki færur ver, og sérstaklega við tillögur þær, er gjöra ráð fyrir trúarbragðakennslu í barnaskólanum.

Þá má og ætla að ríkisréttinda krafan verði ekki niðurfelld og verður nú bæði vonast og krafist, að það mál fái fullnægjandi úrslit. Auðvitað verður ekki vandalaust að halda áfram stjórn-málabaráttu Íslands, og koma öllu svo fyrir, að allir verði ánægðir, enda erfitt að kveða niður það gjörningaveður illinda og ósamlyndis, er komið hefir verið af stað. Ill orð hafa verið úti látin og ill orð tekin inn. Brigzlanir frá báðum hliðum, er alls ekki hefði átt að hugsast hvað þá segjast. Ráðherrastaðan verður ekki vandaminni nú, fyrir að í henni stóð kjörinn maður áður, og til þess það sjáist, að verið sé að halda áfram, sækja fram, má skamt líða stórra afreka á milli. Og til þess verða flestir að treysta Skúla, fram yfir alla aðra, er með nokkrum líkum gæti verið kjörnir stjórnarformenn.

Mörgum illyrðum var kastað í garð Ráðherrans, og mörgum illyrðum hefir verið kastað í garð Skúla, og flest frá þeim er hvorugan manninn þekktu, né málefni þau, er þeir hafa lagt fram krafta sína fyrir. Málefni, er að yfirboðinu virðast að ýmsu ólík, en þó í rauninni eru öll hin sömu, velferðarmál lands og þjóðar, eftir því sem hver fær þau skilið. Báðir vilja landið fram, svo að næsta kynslóð skuli ekki þurfa að kvarta um að „hermenn vorgróðurs Íslands“ „kúri í þessari mól, *allir* til ónýtis dauðir.“

Það væri þörf á, að síða ögn stjórnmaladeilur þjóðarinnar, hvort sem hægt er að telja það til verkefna næstu stjórnar eða ekki. Vér vitum að menn reka upp stór augu og spyrja, hvað sú kristilega-siðfræðis-umvöndun skuli þýða. Eins og það sé ekki algengt, meðal allra síðaðra þjóða, að beita öllum vopnum við kosningar. Það má vera, en það hafa sjaldan verið jafn

margir taðsþaðar á lofti hjá nokkurri þjóð, er um hennar stærsta velferðarspursmál er að tefla, eins og meðal Íslendinga í sumar. Og tæplega trúum vér öðru, en að margur góður drengur hálfskammist sín fyrir samverknaðinn í þeirri getsaka og illyrða hrotu.

Það ætti að vera markmið allra, að styrkja hendur Skúla til þess, að vinna alt það er hann má til hags og heilla, og hver sem skoðan manna kann annars að vera, þá ætti enginn að sjá ofsjónum yfir því að hann mætti vel, því alt það gott er framkvæmist, verður Íslands hagar, og allt það gott er ekki fær fram að ganga, Íslands óhamingja. En einmitt er hættan mest að öfundsýki vaxi upp af illeilunum. Menn vilja vera sannspáir, vera spámenn, þótt þeir sé engir spámenn, já, en blátt áfram eintómir angurgapar.

Vilji þjóðin fram, þarf hún að ganga fram, ekki að snúast að þeim, er kastar perlum sínum fyrir hana og rífa hann á hol.

Þeir sem þekkja Skúla telja hann bezta dreng, eða svo vill Þorst. Erlingssyni segjast frá, sem mannþekkjari er einna mestur. Og vonum vér allir að hann verði giftudrjúgur öllum sínum framkvæmdum Unga Íslandi til eflingar.

Skúli Thoroddsen er fæddur 6. Jan. 1859, í Haga í Barðastrandasýslu. Snemma byrjaði hann á skólalærdómi, því 25 ára lauk hann lögfræðisprófi við háskólann í K.höfn. Sama árið, 1884 er honum veitt Ísafjarðarsýsla, og er hann sýslumaður þar upp að 1895. 1886 stofnaði hann blaðið „Þjóðviljann“ og 1901 keypti hann Bessastaði, og hefir búið þar síðan.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirframt.

ÚTGEFENDUR: NOEKKIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.